

## FUNDARGERÐ

**Hópur:** Starfshópur um starfsemi Vinjar

### 4. fundur

**Efni fundar:** Fundargerð 4. fundar starfshóps um starfsemi Vinjar

**Viðstaddir:** Aðalbjörg Traustadóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Helgi Þór Gunnarsson, Halldóra Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Garðar Sölvi Helgason, Hjálmar Hrafn Sigurvaldason og Ólafur Thorsson. Þuríður Harpa Sigurðardóttir og Andri Vilbergsson sátu fundinn rafrænt.

**Fundardagur:** 21. febrúar 2023

**Tími:** 14:30-16:00

**Fundarstaður:** Hof, Borgartúni 12-14

---

#### 1. Kynning á starfsemi Lautarinnar á Akureyri.

Ólafur Torfason forstöðumaður og Þórdís Gísladóttir sérfræðingur í Lautinni mæta rafrænt á fundinn og kynna starfsemi Lautarinnar fyrir starfshópnum.

Ólafur er forstöðumaður Lautarinnar sem er samrekin með þremur íbúðakjörnum fyrir geðfatlaða á Akureyri. Ólafur bendir á að hann nái fram ákveðinni fjárhagslegri hagræðingu með því að samreka þessar einingar þar sem hann getur fært fólk á milli staða eftir þörfum og segir að þessi leið hafi einnig dregið úr kulnun og streitu meðal starfsfólks. Mikil samvinna milli starfseininga. 2,5 stg. eyrnamerkt Lautinni.

Lautin var stofnuð árið 2000 af Geðverndarfélagi Akureyrar, Rauða krossinum og Akureyrarbæ. Árið 2019 fer starfsemin alfarið yfir til Akureyrarbæjar sem Ólafur telur að hafi verið jákvætt skref. Ætlunin var og er að þróa starfsemi Lautarinnar áfram en covid faraldurinn hægði á þeirri þróun. Lautin er ekki skilgreind sérstaklega fyrir fólk með geðrænar áskoranir heldur er markhópurinn félagslega einangrað fólk. Ólafur og Þórdís segja að það hafi ekki verið erfitt að að útvíkka hópinn. Ganga fordómalaust í öll verkefni sem þau sinna. Fólk mætir í Lautina á eigin forsendum og virðing og traust er grundvöllur starfsins í Lautinni.

Lautin er opin alla virka daga og einstaka helgar, en þá eru sjálfboðaliðar að stýra starfinu. Hægt er að fá hádegismat og kaffi fyrir 900 krónur og eru um 8-10 manns í hádegismat þar. Meðaltals mæting yfir daginn er 15-20 manns. Sumir eru allan daginn, aðrir dropa inn. Meirihluti gesta eru karlmenn en þangað mætir blandaður hópur fólks. Hafa verið með kvöldopnanir sem hefur gengið vel ef það eru fríar veitingar.

Starfsfólk Lautarinnar hefur verið duglegt við að brjóta upp starfið og hafa leitast eftir því að fá fyrirtæki í bænum til að styrkja starfsemina, t.d. með pizzu eða öðru þess háttar. Fylgni er á milli þess að boðið er upp á fríar veitingar og mætingu í Lautina. Þá er lagt upp með að brjóta hefðbundið starf reglulega upp með því að halda upp á tyllidaga, fara út að borða í boði fyrirtækja, halda skákmót og fá tónlistarfólk í heimsókn. Aukin áhersla hefur verið á sýnileika þeirra á samfélagsmiðlum, svo sem facebook og instagram.



Lána húsið einu sinni í viku fyrir RK sem bjóða upp á dagskrá fyrir flóttamenn. Eru með hundavin frá Rauðu krossinum 1x í viku, sund- og gönguferðir. Eru í samstarfi við líkamsræktarstöðina Bjarg og fá að fara þangað frítt með starfsmanni.

Húsnæði Lautarinnar er á þremur hæðum með þröngum stigum og engan veginn aðgengilegt og nú er verið að vinna að þarfagreiningu fyrir aðgengilegra húsnæði sem þarf að vera miðsvæðis. Myndu hólfaskipta nýja húsnæðinu.

Húsfundir 1x í mánuði og starfsmannafundir 1x í mánuði og þess á milli er starfsfólk í reglulegu samtali við gestina um starfið .

Ekkert formlegt samstarf við Háskólann en hafa tekið nema í starfsnám og háskólanemar hafa unnið hjá Óla.

#### 2. Næsti fundur, 28. febrúar

Á næsta fundi fer starfshópurinn í heimsóknir í Dvöl og Læk. Ákveðið að forsvarsfólk Vinjar fari þaðan og að hópurinn hittist í Dvöl . Sendur verður áminningarpóstur með nánari upplýsingum.

#### 3. Fundur starfshópsins 7. mars nk.

Á fundi starfshópsins 7. mars er gert ráð fyrir að unnið verði að því að stilla upp sviðsmyndum um framtíðar starfsemi Vinjar. Æskilegt væri að hópurinn kæmi sér saman um niðurstöðu en gangi það ekki er möguleiki að skila inn tveimur tillögum. Starfstími starfshópsins fer að stytast í annan endann og því komið að því að draga saman vinnuna sem hefur átt sér stað, komast að niðurstöðu og vonandi loka málinu farsællega. Ljóst er að Vinjarfólk vill halda hópinn.

Mikilvægt er að allir hafi svigrúm til að segja sína skoðun og allar skoðanir eig i rétt á sér.

Meðlimir starfshópsins eru beðnir um að huga að því hvernig þau vilja sjá starfsemi Vinjar í framtíðinni.

#### 4. Önnur atriði

Halldóra sendi starfshópnum greinargerð fagaðila sem hefur komið að starfsemi Vinjar sem verður rædd á fundi hópsins 7. mars. Hún hefur einnig sent Aðalbjörgu uppfærðar tölur um komur í Vin sem hægt verður að vísa til í skýrslu hópsins.

Vin er með 4 stöðugildi – sem helst nokkurn veginn í hendur við stöðugildi þeirra staða sem við höfum fengið kynningu á sé miðað við fjölda gesta, að sögn Halldóru .